

Samtímaafli - Samtímastraumur

Samtímastuðull, er ekki fasti heldur reynslutala yfir það hversu mikil lestun og notkun er á strengnum.

Ef reiknað er uppsett afl og það margfaldað með samtímastuðul þá fæst samtímaafli.

Ef strengur liggur að götukassa og frá götukassa liggja heimtaugar að notendum, þá þarf að reikna eða áætla samtímaafli sem fer um streng að götukassa eða götukössum sem strengur tengist við.

Rafveitur hafa vegna reynslu sinnar dæmi um **samtímaafli** eða **samtímastraum** í rafkerfinu, tildæmis nota margar rafveitur 7 il 10 A á hvert einbýli, ef íbúðir eru nokkrar saman, til dæmis 4 eða fleiri. Þetta er byggt á mælingum eða reynslu.

Ef tildæmis eru fjögur hús í götu eða fleiri, þá má búast við að einhverjir séu ekki heima eða tæki fari ekki í samband á sama tíma.

Rafkerfi eru hönnuð miðað við **samtímaafli eða samtímastraum**, ekki uppsett afl. Þess vegna geta komið upp sú tilfelli tildæmis á jólum þegar flestir eru heima og eldun er í gangi á flestum heimilum að kerfið yfirlestist.

Hér fyrir neðan eru dæmi um samtímaafli einstakra raforkunotenda, sem byggðar eru á reynslu rafveitu. Miðað er við afl á fermetra.

	Pmax á flatareiningu W/m ²
Bifreiðaverkstæði	29,5
Bílasprautur	37,5
Blikksmiðjur	19,0
Bókbönd	36,2
Brauðgerðir	127,2
Efnalaugar	284,0
Fataverksmiðjur	88,6
Frystihús	127,5
Mjólkurbú	69,4
Prentsmiðjur	33,0
Sláturhús	58,1
Vélsmiðjur	29,7
Þvottahús	142,3

Það sem ræður miklu um samtímaafli er einnig hversu margir eru til staðar í byggingunni. Tildæmis er samtímaafli í bílaverkstæði þar sem tveir aðilar vinna ekki mikið, aðeins tvö tæki geta verið í gangi að meðaltali þ.e.s. einn starfsmaður á hvert tæki, auk ljósa og nokkra tækja í viðbót.

Gott getur verið að hafa samband við orkudreifingaraðila og spurja þá um samtímaafli einstakra bygginga.